

Umsögn um

Hálendisþjóðgarður 369. mál, lagafrumvarp
151. löggjafarþing 2020–2021

28.01.2021

Ég segi NEI TAKK við lagafrumvarpi 369 hálendisþjóðgarður og þeirri þjóðgarða og stofnanavæðingu hálendisins sem það lagafrumvarp boðar. Ekki hefur verið sýnt fram á þörf á því að stofna þennan þjóðgarð á þjóðlendum sem er land þjóðarinnar. Ekki hefur verið neitt ákall frá þjóðinni um þessa fyrirhuguðu þjóðgarðavæðingu á hálendinu.

Menn hafa sagt að þetta verði stærsti þjóðgarður Evrópu, sem er næg ástæða til að stoppa þetta frumvarp en engin þjóð í Evrópu hefur verið svo vitlaus að binda hendur framtíðarkynslóða á nýtingu þeirra landsvæða sem þjóðunum tilheyra.

Þessi hugmynd hefur ekki verið unnin í neinu samráði við sveitarfélög, rétthafa nýtingarréttar eða þjóðina í heild sinni hvort hún vilji selja þjóðlenduna sína undir þjóðgarð með þeim kvöðum og afsali réttinda sem því fylgir. Ekki hefur komið neitt ákall frá eða samráð verið haft við það útivistarfólk sem mest hefur stundað og verndað hálendið um þörf á að þjóðgarðavæða hálendið. Þá á ég við útivistarfólk sem stundar, hestamennsku, skotveiði, stangveiði, hreindýraveiði og fjallaferðir á jeppum og húsbílum að ógleymdum búsmala og aðrir slíkir hópar sem af sumum eru ekki taldir meðal útivistarfólks þó svo að útvist og náttúruvernd sé það sem sameinar alla þessa hópa.

Fumvarpið er eignaupptaka af verstu sort þar sem eign þjóðarinnar, þjóðlendan, er tekin af þjóðinni og gerð að ríkisbákn með skrifstofuvæðingu í stýringu. Ekki hefur verið sýnt fram á hvernig ríkið ætlar að reka þetta stóra bákn sem verið er að koma á fót nema með gjaldtöku í hverju horni og taka þannig af þjóðinni þann nýtingarrétt sem hún er með í dag.

Í frumvarpinu er ekki tryggt að núverandi nýting og ferðafrelsi haldist óbreytt þó svo að það standi í einstaka greinum sem vísa svo á aðrar greinar sem enda svo allar á lögum um náttúruvernd eins og tilgreinir í 1.gr. lagatillögunnar. Einnig má sjá í 5.gr. að hægt verður að taka með eignarnámi núverandi nýtingarrétt sem þjóðin hefur og er það óásættanlegt ásamt öðrum eignarupptökuheimildum sem þessi lagatillaga kveður á um.

Ég hafna stofnanavæðingu hálendisins sem annar kafli lagatillögunnar boðar en hátt í 100 manns munu koma að því að vera handbendi eins ráðherra sem svo öllu ræður þar með talið ráðningu forstjóra. Þessi fjöldi er fyrir utan almenna starfsmenn fyrirhugaðs þjóðgarðs.

Ég tel fráleytt að binda framtíðarorkunýtingu svæðisins með þeim hætti sem gert er í 23.gr. á sama tíma og þjóðir heims eru að reyna að nýta umhverfivæna orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis.

Upptalningin hér að framan er aðeins brot af þeim athugasemdum sem ég hef við lagatillögu um hálendisþjóðgarð og tel ég ekki þörf á að fara nánar yfir einstaka liði tillögunnar þar sem ég er að hafna tillögunni að lögum um hálendisþjóðgarð í heild sinni.

Ég segi því nei takk við máli númer 369 lagafrumvarp um hálendisþjóðgarð og hvet alla þingmenn til þess að gera slíkt hið sama.

Kveðja

Valdimar Aðalsteinsson

Kt 161066-3629